

Djúpavogshreppur
b/t Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 3.júní 2019
UST201905-203/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga fyrir Fossárvík í Djúpavogshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpsvogshrepps er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að deiliskipulagi fyrir áningarstað ferðamanna í Fossárvík í Djúpavogshreppi .

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að skilgreint verður svæði undir afþreyingar – og ferðamannasvæði þar sem nú er landbúnaðarland.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að deiliskipulagssvæðið er staðsett innarlega í Berufirði við Fossárvík, er 22,1 hektari að stærð og tekur til nær svæðis Fossár frá Nykurhyl upp að Miðásgljúfri.

Í lýsingunni kemur fram að staðsettur verður byggingareitur á svæðinu fyrir allt að 90 m² þjónustuskála með salernum, söluaðstöðu og aðstöðu til sorpflokkunar. Tillagan gerir ráð fyrir 30 bílastæðum við þjónustuskálann og 12 stæði verða við Sveinsstekk. Auk þess verður lögð verður hringleið fyrir gangandi og göngubrú verður endurgerð.

Göngustígar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stikaðar verða gönguleiðir til að stýra fór ferðamanna um skipulagssvæðið, að allt rask verði lágmarkað og að útsýnissvæði verða girt af með það að markmiði að tryggja öryggi gesta. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver áform verða um frágang villustíga ef einhverjir eru á svæðinu.


Byggingar falla vel að umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að öll mannvirki falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í Landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur